

**Nr. 001 / 15 Brimrún****Vélarvana vegna lofttappa í sjókælidælu**

Skipaskr.nr. 2738  
Smíðaður: Noregi 1978, trefjaplast  
Stærð: 30 brl. 32 bt.  
Mesta lengd: 15,75 m Skráð lengd: 14 m  
Breidd: 4,38 m Dýpt: 1,85 m  
Vél: 2 x FPT/Fiat, 560 kW, 2013  
Fjöldi skipverja: 2  
Fjöldi farþega: 20



Brimrún©RNS

**Gögn:**

Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 15. júní 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 3. janúar 2015 var farþegaskipið Brimrún á skemmtisiglingu með farþega í mynni Grundarfjarðar. Veður SV 8-10 m/sek

Siglt hafði verið á eftir háhyrningum út fjörðinn en þegar komið var út fyrir Melrakkaey fór meira að gæta VSV öldu og suður af Bárumannagrunni var snúið við í átt að eyjunni. Eftir stutta siglingu fór viðvörunarkerfi beggja vélanna í gang og gáfu merki um hækkadan kælivatnshita. Skipstjóri stöðvaði vélarnar og lét Neyðarlínuna vita að hann gæti þurft aðstoð. Þegar ljóst var að „lofttappi“ var í sjókælidælum beggja vélanna sem dælurnar réðu ekki við að losa frá sér losuðu skipverjar lagnir frá kælikerfi annarrar vélarinnar og tengdu lögn frá sjódælu inn á kerfið. Við þetta tókst að ræsa vélina og sigla til hafnar.

Vaktstöð siglinga hafði kallað út björgunaraðila á svæðinu en ekki reyndist þörf á aðstoð þeirra

**Við rannsókn kom fram:**

- að báðar vélararnar voru nýlegar og misstu sennilega kælingu vegna veltings og að mati skipstjóra var ekki um réttar sogdælur að ræða. Ákveðið var að skipta um búnað og setja Jabsco sjódælu við sem réði betur við sog ef lofttappi næði að myndast.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.